

Aðalfundur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. verður haldinn fimmtudaginn 25. maí 2023, kl. 16:00.

Framboðsfrestur til stjórnar rann út þann 20. maí sl. kl. 16:00.

Eftirtaldir einstaklingar hafa gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins:

Framboð til aðalstjórnar:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Berglind hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar frá árinu 2021. Hún situr jafnframt í endurskoðunarnefnd félagsins, sem er ein af undirnefndum stjórnar.

Berglind er fædd árið 1980. Hún hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands og starfar sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi með áherslu á stjórnarhætti. Jafnframt sinnir hún fræðslu fyrir stjórnarmenn hjá Opna háskólanum. Áður starfaði Berglind sem verkefnastjóri hjá KPMG á árunum 2005-2016, þar sem hún lagði megináherslu á stjórnarhætti fyrirtækja, regluverk og hlítungu.

Berglind situr ekki í stjórnnum annarra félaga.

Hún á ekki hluti í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Gerður Huld Arinbjarnardóttir

Gerður hefur ekki áður setið í stjórn Ölgerðarinnar.

Gerður er fædd árið 1989. Hún hefur lokið ýmis konar námskeiðum á vegum Success Resources á sviði viðskipta- og markaðsfræði. Gerður hefur starfað sem framkvæmdastjóri BSH15 ehf., sem rekur verslunina Blush, frá 2011. Þá hefur Gerður verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi í markaðsmálum og fyrirlesari frá 2020.

Auk starfa sinna fyrir Blush situr Gerður í stjórn BSH15 ehf., HV23 slf. og annarra eigin félaga.

Í maí 2023 undirrituðu Ölgerðin og félag í eigu Gerðar samstarfssamning varðandi nýjan virknidrykk sem Ölgerðin framleiðir undir vörumerkinu MIST. Samkvæmt samningnum á félag Gerðar rétt á tilteknum þóknunum frá Ölgerðinni fyrir aðkomu sína að þróun og markaðssetningu drykkjarins, en þóknunir reiknast af tekjum Ölgerðarinnar vegna sölu drykkjarins.

Gerður á ekki hluti í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Hermann Már Þórisson

Hermann er varaformaður stjórnar Ölgerðarinnar og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2017. Hann situr jafnframt í endurskoðunarnefnd félagsins, sem er ein af undirnefndum stjórnar.

Hermann er fæddur árið 1972. Hann er menntaður sem viðskiptafræðingur og gegnir stöðu forstöðumanns sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum. Hermann hefur komið að stefnumótun, endurskipulagningu rekstrar og fjárfestingum fyrirtækja. Þá hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri fjárfestingafélags, þar sem bein aðkoma að mismunandi rekstri er mikil, sem og setið í stjórnnum fjölda bæði smærri og stærri félaga á Íslandi og erlendis.

Auk stjórnarsetu í Ölgerðinni situr Hermann í stjórn Bílaleigu Flugleiða ehf., Pac1501 ehf., Reykjavík Sightseeing Invest ehf., GoPro ehf., Hugvits ehf. og Eðalfangs ehf.

Hann á ekki hluti í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Magnús Árnason

Magnús hefur ekki áður setið í stjórn Ölgerðarinnar.

Magnús er fæddur árið 1979. Hann er með stúdentspróf og starfar sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi hjá Marka Ráðgjöf. Áður hefur Magnús starfað sem framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og markaðsmála hjá Nova, framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá OZ og framkvæmdastjóri alþjóða-vörumerkjamála hjá Latabæ.

Magnús situr í stjórn Nova klúbbsins hf., Nova hf., Rue de Net ehf. og Jurtar ehf., auk stjórnarsetu í eigin félögum.

Hann á 15.248 hluti í Ölgerðinni í gegnum eignarhaldsfélagið Sprengistjörnu ehf., en á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Októ Einarsson

Októ hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar frá árinu 2002 sem formaður stjórnar.

Októ er fæddur árið 1962. Hann er menntaður sem viðskiptafræðingur og hefur í áratugi starfað á starfssviði félagsins, sem sölu- og markaðsstjóri Danól (sem sameinað var Ölgerðinni 2008), síðar sem framkvæmdastjóri Danól og stjórnarformaður Ölgerðarinnar.

Októ situr einnig í stjórn dótturfélags Ölgerðarinnar, Danól ehf., sem og í stjórn OA eignarhaldsfélags ehf., LIND ehf. og Íslensk Erlenda ehf., auk stjórnarsetu í öðrum eigin félögum.

Októ á 50% hlutafjár í OA eignarhaldsfélagi hf., sem á alls 316.363.041 hluti (11,27%) í Ölgerðinni. Hann á ekki í hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila Ölgerðarinnar.

Rannveig Eir Einarsdóttir

Rannveig hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar frá árinu 2017. Hún situr jafnframt í starfskjaranefnd félagsins, sem er ein af undirnefndum stjórnar.

Rannveig er fædd árið 1965. Hún er viðskiptafræðingur MBA, og starfar sem forstjóri þróunar- og byggingarfélagsins Reir Verk ehf. Á tímabilinu 2000-2016 gegndi Rannveig stöðu forstöðumanns flugþjónustudeildar Icelandair, þar sem hún var ábyrg fyrir þjónustu og starfsmannahaldi flugþjónustustétta félagsins. Meðal verkefna Rannveigar voru veigamiklar skipulagsbreytingar í kjölfar stefnumótunar á sviði sölu, þjónustu, ferlum og starfsmannahaldi í flugvélum. Þar áður starfaði Rannveig sem yfirmaður þjálfunar flugáhafna Icelandair.

Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignapróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir Verk ehf. Hún tók þátt í byggingu og stofnun reksturs Sandhótels við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hótelum. Rannveig var stjórnarmaður í félaginu Heimavöllum hf. á árunum 2019 og 2020.

Rannveig er varaformaður stjórnar Sýnar, frá því í október 2022. Þá situr hún í stjórnnum eigin félaga.

Rannveig á alls 113.033.183 hluti í Ölgerðinni. Hún á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Framboð til varastjórnar:

Fannar Freyr Ívarsson

Fannar hefur ekki setið í stjórn eða varastjórn Ölgerðarinnar.

Fannar er fæddur árið 1987 og er einn eigenda LOGOS lögmansstofu. Fannar er BA og mag. jur í lögfræði frá Háskóla Íslands og hefur jafnframt lokið LLM gráðu í lögfræði frá UC Berkeley háskólanum í Kaliforníu. Þá er Fannar með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Hann hefur starfað hjá LOGOS frá árinu 2010.

Fannar situr í stjórn Félags Fulbright styrkþega á Íslandi.

Hann á ekki hluti í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.